

MATARHLÉ



Heil og sæl! Svanhvít Elva Einarasdóttir heiti ég. Ég ákvað að verða við áskorun Guðbjargar Úlfarsdóttur leikskólakennara á Kiðagili um að koma með uppskrift í Krónikuna. Ég var að klára nám við HÍ sem þroskaþjálfari núna í júní og starfa í dag á ungmennadeild í Skógarlundi/Birkilundi Hæfingarstöð. Mig langar að skora á

Gunnlaug Þorgeirsson ferlibílstjóra hjá SVA (Gulla yngri) að koma með næstu uppskrift í Krónikuna.

PESTÓFYLLTAR KJÚKLINGABRINGUR MEÐ KRYDDHRÍSGRJÓNUM OG FERSKU SALATI

6-7 kjúklingabringur.

FYLLING:

10 stk sveppir
6 stk ólivur
50-80 gr rjómaostur með
sólþurrkuðum tómötum
2-3 hvítlauksgeirar

SÓSA:

50-80 gr rjómaostur með sól-
þurrkuðum tómötum
2 dl rjómi
2 msk rautt pestó
1 msk rífsberjahlaup
1 dl kjúklingasoð (1 dl vatn,
1 tsk kjúklingakraftur, smá
kjúklingakrydd)

AÐFERÐ:

Skerið vasa í 6 bringur, inn
í breiða endann. Skerið smá
kjúkling í bita og setjið í mat-
vinnsluvél ásamt sveppum,
ólfum og helmingi af rjómaosti
ca 65 gr. Pressið hvítlauk úti
og hakkið. Gott að setja farsíð
í sprautupoka. Fylla bringur

með fyllingu og festa saman með
tannstönglum. Brúnið bringumar
á pönnu og setjið í eldfast mót.
Kryddið bringumar með salti og
pipari og þekið þær síða með
pestó til að lokum hellið sósunni yfir.
Bakist við 150 C í 25-30 mínútur.
Berið fram með kryddhrísgrjónum
og ferskri salatblöndu.

KRYDDHRÍSGRJÓN:

½ l vatn
2 dl hrísgrjón
½ tsk salt
½-1 laukur
½ gul paprika
½ græn paprika
1 msk olía

AÐFERÐ:

Saxið lauk og brytjið paprika,
mýkið í oliunni í smá stund. Látið
hrísgrjónin út í og hrærið vel
saman. Bætið nú vatninu og salti
í pottinn, látið suðuna koma upp,
lækkið hitann og sjóðið rölega í
12 mín.

Verði ykkur að góðu!

GOTT AÐ VITA

Sumarið er tíminn - orlofsmál

Rafrænar launaseðlar á starfsmannavefnum

Mínt er á að launaseðlar eru alltaf aðgengilegir á starfsmannavefnum. Slóðin er www.eg.akureyri.is. Þar getur starfsfólk skoðað:

- Rafræna launaseðla.
- Stöðu orlofs.
- Stöðu veikindadaga.
- Reikninga frá Akureyrarbæ, s.s. fyrir fasteignagjöldum, leikskóla, tónlistarskóla og grunnskóla.

Einnig getur starfsfólk skráð og breytt eigin upplýsingum ásamt því að senda inn ábendingar og/eða athugasemdir. Sækja þarf um lykilorð á vefnum www.eg.akureyri.is. Starfsfólk getur valið um að fá lykilorðið sent í heimabanka eða að sækja það til Starfsmannaþjónustu Akureyrarbæjar í Ráðhúsinu, Geislagötu 9, 1. hæð.

150 ÁRA AFMÆLI AKUREYRAR



Sundlaugin í Hrísey, ágúst 1971.

Hér fáum við að skyggast í afmælisrit Akureyrarkaupstaðar. Já, ég veit, þetta er þjófstart þar sem bókin er ekki væntanleg fyrr en 29. ágúst nk. En málstaðurinn er góður, ritið líka, og svo geta menn enn látið skrá sig á tabulu í þessu stórglæsilega riti sem

verður á þriðja hundrað blaðsíður, skreytt hundruðum frábærra mynda af bænum okkar.

Nokkrir punktar:

- Á Oddeyri hófst mannvist 1858 þegar gullsmiðurinn Jósep Grímsson fluttist í torfkofa er stöð á horni Grænuötu og Norðurgötu sem nú er.
- Fyrsta leiksyningin í bænum var sett upp í nóvember 1860.
- Í Aðalstræti 6 kaus kona í fyrsta sinn á Íslandi, Maddama Wilhelmina Lever, þegar kosið var í fyrsta sinn til bæjarstjórnar á Akureyri 31. mars 1863.
- Fyrsti maðurinn til að fá legstæði á Naustahöfðanum var 88 ára sveitarámagi frá Grísará, Soffía Helgadóttir, jarðsett 15. júlí 1863.
- Samningur gerður 1952 á milli Skógræktarfélags Akureyrar og Akureyrarbæjar um Kjarnaland sem sem bæjarstjóri.

(Texti: Jón Hjaltason - Mynd: Aðalbjörg Sigmarsdóttir)

Innanbæjar KRÓNÍKA

4. töl. 7. árg. STARFSMANNAFRÉTTIR AKUREYRARBÆJAR júlí 2012



UNGT FÓLK Á VINNUSTAÐNUM AKUREYRARBÆR

Á hverju sumri fá fjölmörg ungmenni á aldrinum 17-25 ára vinnu í gegnum átaksverkefni á vegum Akureyrarbæjar. Í sumar hafa 220 einstaklingar sótt um starf í atvinnuáttakinu. Allir sem sækja um fá boð um vinnu í fimm vikur að þessu sinni, sem er aukning frá því í fyrra. Ungmennin fara öll á vinnustaði á vegum Akureyrarbæjar, má þar nefna Öldrunarheimili Akureyrar, Amtsbókasafnið á Akureyri, Framkvæmdamiðstöðina, leikskólana, Lystigarðinn, íþrótt- og útivistarsvæði bæjarins, Rósenborg og margt fleira. Einnig fara ungmenni á vegum Akureyrarbæjar til starfa hjá íþróttafélögum.

Í Skapandi sumarstörfum á vegum Ungmenna-Hússins fær listrænt ungt fólk úr atvinnuáttakinu gott tækifæri til að fá útrás fyrir sköpunargleði sína og gleða í leiðinni bæjarbúa og gesti með gjörningum, sirkus og skemmtilegheitum. Í Rósenborg reka félagsmiðstöðvarnar vefsíðunvarpið Tvphonic (www.tvphonic.is). Þar má fylgjast með vikulegum þáttum þar sem ungmenni úr atvinnuáttakinu og vinnuskólanum sjá um þáttargerð. Má þar nefna íþróttþætti, menningarþátt og fréttir. Verkefnið er styrkt af Evrópu unga fólksins.

Að auki starfa þetta sumarið um 30 einstaklingar á aldrinum 17-19 ára í sumarvinnu með stuðningi. Þeir starfa hjá hinum ýmsu stofnunum og fyrirtækjum víðsvegar um bæinn: Akureyrarvöllur, Sýsluskrifstofan, Flugsafn Íslands, Hafnarsamlag Norðurlands og mörg fleiri.

Það er afar ánægjulegt fyrir vinnustaði bæjarins að fá allt þetta unga fólk til starfa á sumrin.



AKUREYRI

Útgefandi: Akureyrarbær. Ritstjóri: Þorsteinn G. Jónsson. Ritnefnd: Friðný Sigurðardóttir, Dórothea Jónsdóttir, Sara Hlin Jónsdóttir, Þorsteinn G. Jónsson og Samúel Jóhannsson.
Netfang: kronikan@akureyri.is. Hönnun og umbrot: Stíll - Prentun: Ásprent

GAMLA MYNDIN

Spurt var um ungar blómarósir fyrir utan Samkomuhúsið í síðustu myndagátu. Frábær þátttaka var að þessu sinni og mörg rétt svör bárust. Spurt var um ástæðu þess að ungu blómarósirnar væru svona prúðbúnar. Rétt svar var: Vegna konungskomunnar 1907. Lára Ágústa Ólafsdóttir var sigurvegarinn að þessu sinni en hún vinnur á Héraðsskjalasafninu á Akureyri. Til hamingju Lára!



Hvað hét húsið við kirkjuna? Rétt svar tryggir næsta vinningshafa ávaxtakörfu frá Lostæti og sundkort í Sundlaug Akureyar. Lesendur Krónikunnar eru sem fyrr beðnir að senda svörin á netfangið kronikan@akureyri.is.

STARFSFÓLK Á FARALDSFÆTI

Starfsfólk leikskóla bæjarins hefur verið duglegt undanfarið við að aka þekkingu sína og menntun með náms- og kynnisferðum erlendis. Nú í vor fór starfsfólk Iðavallar til Lahti í Finnlandi, starfsfólk Sunnubóls og Lundarsels til Cambridge á Englandi, starfsfólk Naustatjarnar til Osló í Noregi og starfsfólk Kiðagils til Dublin á Írlandi. Í ferðum sem þessum eru m.a. leikskólar heimsóttir,

Iðavöllur í heimsókn á leikskóla – Lahti í Finnlandi.



STARFSFÓLK Á FARALDSFÆTI (framh.)



Naustatjörn eftir skógarferð – Osló í Noregi.

breytileg uppbygging leikskólakerfa staðanna skoðuð og fyrirlestrar sóttir. Þannig vikkar sjónveildarhringur starfsfólks bæjarins sem nýttist við ýmsar breytingar og umbætur þegar heim er komið.

Allir starfsmenn leikskólanna höfðu kost á að fara í ferðirnar en urðu að sækja styrki á mismunandi staði. Leikskólakennararnir sóttu styrki í Vísindasjóð Félags leikskólakennara og Félags stjórnenda leikskóla en sjóðurinn veitir að hámarki 100.000 króna styrk á þriggja ára tímabili til félagsmanna vegna



Sunnuból ásamt starfsfólki CDN leikskólans – Cambridge á Englandi.

kynnisferða til Evrópu. Aðrir starfsmenn sóttu sína styrki í gegnum Einingu-Iðju til Sveitamenntar sem er starfsmenntunarsjóður starfsmanna sveitarfélaga á landsbyggðinni innan aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands. Þessi sjóður veitir styrk að hámarki 150.000 krónur til stofnunar vegna þátttöku hvers einstaklings/starfsmanns í náms- og kynnisferðum innanlands eða utan og er hann veittur á þriggja ára tímabili. Nánari upplýsingar fyrir starfsfólk leikskóla um úthlutunarreglur o.fl. er hægt að skoða á www.ki.is og www.sveitamennt.is.

Krónikan hvetur starfsfólk Akureyrarbæjar til að skoða rétt sinn gagnvart stéttarfélagum og úthlutunarsjóðum varðandi styrkveitingar fyrir náms- og kynnisferðir því aukin þekking og menntun er hagur okkar allra.



Kiðagil, hluti hópsins í Dublin á Írlandi.

HVAÐ ERTU AÐ GERA?



Gunnlaugur Guðmundsson eða Gulli eins og hann er kallaður er forstöðumaður hjá félagsmiðstöðvum Akureyrar og hefur starfað þar síðastliðin 9 ár. Hann er fæddur Akureyringur og náði þeim merka áfanga að prýða forsiðu Dags fyrir að hafa fæðst 1. janúar 1983. Gulli er með B.A. gráðu í tólmstunda- og félagsmálafræði og ACE einkaþjálfarapróf. Auk vinnunnar hjá félagsmiðstöðvunum starfar Gulli sem einkaþjálfari hjá Átaki heilsurækt.

Í hverju er starfið fölgandi? Fólki verður stundum lúmskt óglatt við að heyra ítarlega lýsingu því starfið er svo fjölbreytt og lýsingin svo ruglingsleg. Í grunninn er allt okkar starf forvarnarstarf og við reynum með fjölbreyttum hætti að skapa tækifæri til heilbrigðra athafna. Það gerum við með allskonar viðburðum og í sumar erum við til dæmis með netsjónvarpsstöð á slóðinni www.tvphonic.is þar sem unglíngarnir gera þætti og birta vikulega og skapandi sumarstörf þar sem unglíngarnir fara um og lífga upp á bæjarlífið. Yfir vetrartímamann auk almennrar opnunar eru svo viðburðir eins og til dæmis söngkeppni og hönnunarkeppni. Einnig erum við með fjölbreytt klúbbastarf eins og til dæmis kvikmynda-, stelpu- og strákaklúbba. Svo er starfið í stöðugri þróun og í vetur opnuðum við hjólabrettaaðstöðu í Strýtu.

Hvað er skemmtilegast við starfið? Að vera í stöðugum samskiptum við hresst fólk og taka þátt í starfi sem skiptir máli.

Fjölskylduhagir? Ég er þrútt fyrir ítrekaðar tilraunir margra kvenna einhleypur og barnlaus.

Áhugamál? Líkamsrækt og fótþolti er það fyrsta sem kemur í hugann.

Leyndir hæfileikar? Held að ég gæti aldrei haldið hæfileika leyndum, er með gestastæla syndrom.

Hvaða bók lastu síðast? Kleifarvatn.

Hvaða kvikmynd sástu síðast? Promotheus í bíó og Kill Bill heima, Promotheus var ágæt og Kill Bill algjör klassík.

Hvaða plötu hlustaðirðu á síðast? Junior með hljómsveitinni Röyksopp.

Uppáhaldsmatur? Pizza fyrir hvunnadaginn, lambalæri á jólonum.

Áttu þér draum? Stóra og smáa, held ég sé samt tilbúinn að sleppa tókunum á draumnum sem sjónvarpsþátturinn skot og mark kom í hausinn á mér og sætta mig við að ég verð ekki atvinnumaður í íþróttum.

Finnst þér Innanbæjarkrónikan skemmtileg og fróðleg? Ég bind óendanlega miklar vonir við nýja ritstjórn.